

Hverfisráð Raufarhafnar.

28.11.2022 í grunnskólanum á Raufarhöfn mættir voru Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir, Bergdís Jóhannsdóttir, einnig sat fundinn Nanna Höskuldsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Framkvæmdaáætlun 2023.

Hverfisráð óskar eftir kynningu á framkvæmdaáætlun 2023 sem og þriggja ára áætlun yfir þá liði sem tengjast Raufarhöfn.

2. Húsnæðismál á Raufarhöfn:

Hverfisráð óskar eftir því að sveitarfélagið taki húsnæðismál á Raufarhöfn sérstaklega til skoðunar með það að markmiði að fjölga íbúum. Vinna við slíkt gæti t.d verið einhverskonar spretthópa vinna þar sem hverfisráð og aðilar skipaðir af sveitarfélaginu tækju fundartörn og ræddu lausnir. Ýmislegt þarf að mati hverfisráðs að laga bæði hjá sveitarfélaginu sjálfu og eins hjá íbúum og fasteignaeigendum. Í húsnæðisáætlun Norðurþings 2022 er Raufarhöfn ekki nefnt á nafn í lýsingu atvinnuástands og samkvæmt henni er ekki að sjá að nokkur húsnæðisþörf sé á Raufarhöfn næstu árin, þrátt fyrir þetta er staðan allt önnur. Það er ekkert hús laust hvorki til sölu né leigu, sem er í íbúðarhæfu ástandi. Hverfisráð harmar að ekki skuli vera haft samráð við ráðið í vinnu við slíkar áætlanir.

Hverfisráð hefur óskað eftir því að sveitarfélagið taki Airbnb mál föstum tókum en engar reglur eru um slíkt í sveitarfélaginu. Tómhúsagjöld og afnám afsláttar sorpgjalda er eitthvað sem gæti veitt hvata fyrir fasteigendaeigendur ónýtttra eigna að setja þær á sölu.

Lausar einbílalúsalóðir á Raufarhöfn eru sex. Engar fjölbýlishúsalóðir og engar atvinnulóðir. Á Húsavík er veittur afsláttur á lóðum ekki á Raufarhöfn.

Þessi mál þarf að hugsa heildstætt og ef Raufarhöfn á að vaxa þarf að huga að þessum málum sem allra fyrst.

3. Staða á SR lóð

Hverfisráð óskar eftir upplýsingum hvernig mál standa með S.R lóð. Fasteignir voru auglýstar til sölu 9. nóvember 2021 og engin opinber niðurstaða komin fram.

4. Fjarskipti og fjarskiptaöryggi á og við Raufarhöfn.

Hverfisráð óskar eftir því að Norðurþing komi áhyggjum heimamanna vegna fjarskipta fjarskiptaöryggis í réttan farveg hjá ríkisvaldinu.

Farnet (gsm-sími) í þéttbýlinu er ágætt samband en fer þó nokkuð eftir því hjá hvaða félagi fólk er með viðskipti.

3g netið dettur út um leið og siglt er útúr höfninni á Raufarhöfn, símasamband er líka mjög gloppótt á hafi, þetta er verulega vont fyrir smábátasjómenn.

Á þjóðvegnum milli Raufarhafnar og Þórshafnar annarsvegar og Raufarhafnar og Kópaskers eru margir dauðir blettir allt uppí 6 km langir í Hófaskarði. Á Melrakkasléttu eru líka mjög margir dauðir puntar. Alltof margir sveitabærir hér í kring eru alveg án símasambands og með mjög lítið 3G Þar má nefna, Sveinungsvík, Borgir og Kollavík. Lélegt símasamband er á Hóli, Höfða, Ásmundastöðum og mjög lítið á Sigurðarstöðum. Lausn á allavega hluta þessa máls væri sendir í Hófaskarði en það er kostnaðarsamt þar sem ekkert rafmagn er til staðar.

Heilt yfir er því farnet slæmt þegar lítið er til öryggis.

Neyðarfjarskipti (Tetra) Innanbæjar á Raufarhöfn er sambandið gott. Þegar komið er u.þ.b 10 km útfyrir sitthvoru megin við þorpið fer samband að verða gloppótt, þetta skerðir verulega öryggi og hafa sjúkraflytningamenn, björgunarsveit og lögregla vakið máls á þessu.

Hófaskarið er alveg dauður puntur. Ekki gott samband á Hólaheiði, slæmt samband á Raufarhafnarafleggjara og á Melrakkasléttu.

Heilt yfir er því tetranet slæmt þegar litið er til öryggis.

5. Atvinnuuppbygging og framtíð Raufarhafnar.

Hverfisráð stefnir að íbúafundi í byrjun næsta árs. Hugmyndir ráðsins snúa að því að halda málþing, fund eða ráðstefnu um framtíð Raufarhafnar, atvinnu og samfélagsmál.

Hverfisráð óskar eftir samstarfi sveitarfélagsins við skipulagningu slíks fundar og mögulega kostnaðarþátttöku við slíkan fund.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:10

Undirritunarsíða

Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir

Bergdís Lína Jóhannsdóttir